

# UPPLÝSINGARIT HEIMLAGNA

## Fylgiblað fyrir umsækjendur heimalagna hjá Norðurorku

**Heimlagnir:** Á hverja lóð er almennt aðeins lögð ein heimlögn fyrir hverja veitu, kalt vatn, rafmagn og heitt vatn í hvert hús. Í raðhús, parhús og hliðstæð hús er þó almennt afgreidd ein heimlögn, vatn, rafmagn og hitaveita í hverja íbúð.

Heimlagnir eru hannaðar út frá þeirri forsendu að umsækjandi leggi ídráttarlagnir stystu leið að tengistöðum veitnanna.

**Heimlagnagjald:** Verðskrá heimalagna er miðuð við ný hverfi. Á skipulögðum þéttbýlissvæðum þar sem heimlögn er lengri en 20 m innan lóðarmarka, skal greiða aukagjald samkvæmt gjaldskrá umfram 20 m (50 metrar í Reykjaveitu).

Í dreifbýli eða þegar aðstæður eru óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða notkun húsveitunnar er heimlagnagjald ákveðið með lengdargjöldum samkvæmt gjaldskrá eða með sérstökum samningi hverju sinni. Ef stækka þarf heimlögn í fullfrágengnu hverfi og það er hægt án teljandi aukakostnaðar eða framkvæmda utanhúss þá greiðir viðskiptavinur skv. verðskrá gjald þeirrar heimlagnar sem hann er að fá, að frádregnu því gjaldi sem er fyrir þá heimlögn sem hann er með fyrir.

Ath.við erum eingöngu að selja þær stærðir af heimlögnum sem eru í verðskrá.

Ef heimlagnagjald/tengigjald fyrir nýja eða stækkaða heimlögn stendur ekki undir raunkostnaði er greitt samkvæmt kostnaðaráætlun eða raunkostnaði.

**Skil á afstöðumynd:** Umsókn skal fylgja afstöðumynd í mælikvarða 1:500 og grunnmynd af viðkomandi húsi í mælikvarða 1:50 eða 1:100. Afstöðumynd skal sýna staðsetningu inntaka og skulu þau vera málsett. **Norðurorka gefur upplýsingar um staðsetningu tengipunkts.** Einnig skal sýna staðsetningu á inntaksrými, tengistað vatns, mælagrindar hitaveitukerfis og rafmagnstöflu samkvæmt tengiskilmálum. Vegna umsókna um heimlagnir utan Akureyrar skulu afstöðumyndirnar vera rafrænar í \*.dwg eða \*dgn formi, í hnitakerfi Isnet 93.

**Ídráttarrör:** Iðnmeistari ber ábyrgð á því að rétt sé gengið frá ídráttarrörum. **Ídráttarrör heimalagnar skal leggja stystu leið að tengipunkti við dreifikerfið, samkvæmt upplýsingum frá Norðurorku.** Heimlögn fyrir kalt vatn skal vera á 120 cm dýpi, en rafmagn og hitaveita á 70 cm dýpi miðað við grófjafnaða lóð. **Leita skal upplýsinga um staðsetningu á tengipunkti hjá Norðurorku áður en ídráttarrör eru lögð.** Upplýsingar um hvar ídráttarrör enda, skal koma til Norðurorku.

Hitaveita					Vatnsveita			Rafveita		
Heimæð (mm)	Pex (mm)	Kápa (mm)	Ídráttarrör (mm)	Inntaksvinkill (mm)	Heimæð (mm)	Ídráttarrör (mm)	Inntaksvinkill (mm)	Heimtaug (A)	Ídráttarrör (mm)	Inntaksvinkill (mm)
DN20	28	77	110	110	25	75	75	50-63	50	50
DN25	32	90	160	160	32	75	75	100	75	75
DN32	40	110	160	160	40	75	75	200	110	110
DN40	50	125	160	160	50	110	110	260	110	110
					63	110	110	315	110	110

# UPPLÝSINGARIT HEIMLAGNA

**Upplýsingar um vinkla:** Ídráttarvinklar eru innifaldir í heimlangagjaldi. Norðurorka afhendir umsækjanda ídráttarvinkil af sama sverleika og ídráttarrör til innsteypingar fyrir inntak vatnsveitu og hitaveitu. Ídráttarvinkill skal koma lóðrétt upp úr gólfi og miðja hans skal vera 10-15 cm frá fullfrágengnum vegg. **Inntaksvinklar eru afhentir á lager Norðurorku.**

**Inntaksrými:** Inntaksrými vatns skal vera upplýst og upphitað, í gólfi skal vera niðurfall og þröskuldur í dyrum. Allir mælar, inntakslokar og stofntengibox eða inntakskassar skulu ætíð vera aðgengilegir fyrir starfsmenn Norðurorku. Ekki má breyta notkun inntaksrýmis á þann veg að það rýri öryggi og notagildi heimlagnarinnar. Í vafatilvikum ber áður að leita samþykkis Norðurorku. Inntakslokar skulu a vera við útvegg. Samkvæmt byggingareglugerð skulu gólfflötur og veggflötur í inntaksrýmum fyrir heitt og kalt vatn vera nægjanlegur fyrir búnaðinn, til að hægt sé að athafna sig við uppsetningu, rekstur og viðhald búnaðarins og með niðurfall í gólfi. Inntak rafmagns má vera aðskilið frá öðrum inntökum og skal miða við að nægjanlegt rými sé til umferðar og flóttá þrátt fyrir að hurðir á töfluskápum standi fullopnar.

**Tenging heimlagna:** Iðnverktaki sækir skriflega, á sérstöku eyðublaði, **með að minnsta kosti dags fyrirvara, um tengingu neysluveitu (áhleyping) við dreifikerfi veitunnar.** Húsnæði skal vera fokhelt áður en tenging fer fram. Norðurorka annast tengingu neysluveitu við dreifikerfið og er þessi aðgerð engum öðrum heimil. **Norðurorku er heimilt að neita um tengingu neysluveitu við dreifikerfið ef ekki hefur verið farið eftir reglugerð (tæknilegir tengiskilmálar veitna) og öðrum skilmálum hennar. Norðurorka ber enga ábyrgð á því beina og óbeina tjóni, sem af slíkri neitun kann að leiða.**

**Innheimta heimlagnagjalda:** Þegar Norðurorka hefur lagt heimlögn er sendur út reikningur fyrir heimlagnagjöldunum. Eindagi reiknings er 60 dögum frá útgáfudagsetningu og gjalddaga.

**Reikningur þarf að vera greiddur áður en Norðurorka hleypir á heimlögn.**

**Bráðabirgðaheimlagnir:** Norðurorka áskilur sér rétt til þess að gera kröfu um að utan á færanlegt húsnæði, s.s. vinnuskúrar, sölubúðir og þess háttar sé komið fyrir tengikassa fyrir inntök rafmagns og vatns og þar með talið nauðsynlegum mælíbúnaði. Bráðabirgðaheimlagnir skulu að jafnaði vera aflagðar við tengingu varanlegu neysluveitunnar. Bráðabirgðalögn skal þó ætíð aflögð innan 24 mánaða frá tengingu hennar.

Lengdargjald er greitt fyrir hvern metra í heimlögn bráðabirgðatengingar.

**Upplýsingar um inntakskassa, við frístundarhús og þ.h:**

Fyrir heimlögn í frístundarhús og þ.h skal leggja ídráttarrör að stíg, vegi eða a.m.k. 20 m í átt að tengistað. *Veitan grefur ekki fyrir heimlögninni innan lóðarmarka viðkomandi húss og verður húseigandi að sjá um þann gröft í samráði við veituna.*

# UPPLÝSINGARIT HEIMLAGNA

---


**Afhendingarstaður rafmagns heimtaugar er í mælakassa sem komið er fyrir utanhúss.** Mælakassi er einungis fyrir mælitæki Norðurorku og tengingu heimtaugar. Lámarksstærð mælakassa er eftirfarandi (miðað við innanmál): Breidd 24 cm, dýpt 10 cm, hæð 35cm. *Sjá nánar tæknilega tengiskilmála rafveitna nr. 1040/2005 (TTR).*  
**Hæð undir neðri brún mælakassa sé 1,5 m**

**Inntak hitaveitu og mælagrind skal vera í einangruðum inntaksskáp sem komið er fyrir utanhúss.** Lágmarksstærð skápsins ef einungis búnaður Norðurorku er settur þar er eftirfarandi (miðað við innanmál): Breidd 75 cm, dýpt 32 cm, hæð 90cm. *Hæð undir efri brún sé 110 cm frá endanlegu yfirborði.* Lámarksstærð skáps sem rúmar búnað Norðurorku og búnað sem tilheyrir húskerfi er eftirfarandi (miðað við innanmál): Breidd 75 cm, dýpt 45 cm, hæð 150cm. *Ávallt skal þó tryggja að búnaður Norðurorku komist fyrir með góðu móti.*

Skápurinn skal vera regn- og rykþéttur og tryggt að starfsmenn Norðurorku hafi greiðan aðgang að honum til eftirlits og viðhalds. Hurð á skápnum skal vera vel opnanleg til að aðgengi að lögnum og búnaði sé gott. Húseiganda ber að ganga frá afrennsli úr skáp áður en af tengingu við hitaveituna er afgreidd.


**Ábendingar:** Húseigandi gengur frá tengingu bakrennislagnar í frostfrítt viðurkennt frárennisliskerfi og til að fyrirbyggja vatnstjón af völdum frostsprunginna lagna er mikilvægt að lagnir utan inntaksskáps séu einangraðar og streymi í heimplögn sé nægilegt og er umsækjendum bent á að ráðfæra sig við fagmenn hvað þetta varðar. *Sjá nánar tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 890/2012 (TTH)* **Norðurorka tekur ekki ábyrgð á tjóni sem verður af völdum frostsprunginna lagna.**

# UPPLÝSINGARIT HEIMLAGNA



**LAGNIR SKULU KOMA LÓÐRÉTT UPP ÚR GÓLFI, EÐA LÁRÉTT ÚT ÚR VEGG.**

Ídráttarrör [mm]	B [mm]
50	150
75	150
110	150
125	200



**MUNIÐ AÐ HAFA SPOTTA Í ÍDRÁTTARRÖRUM  
NOTIÐ EKKI BARKARÖR SEM ÍDRÁTTARRÖR, NOTIST VIÐ SLÉTT RÖR.  
GÓLFHITARÖR SKAL EKKI LEGGJA NÆR INNTAKI EN 200 [mm]**


Merkið X	Heitt vatn				Merkið X	Kalt vatn			Merkið X	Rafmagn		
	Heimæð	Pex	Ídráttar rör	Inn-taks-vinkill		Heimæð	Ídráttar rör	Inn-taks-vinkill		Heimtaug	Ídráttar rör	Inn-taks-vinkill
	[mm]	[mm]	[mm]	[mm]		[mm]	[mm]	[mm]		[A]	[mm]	[mm]
	DN15	22	110	110		25	75	75		50-63	50	50
	DN20	28	110	110		32	75	75		100	75	75
	DN25	32	125	125		40	75	75				
						50	110	110				

L:\Tilfarlegu-áfangir\upplýsingar\upplýsingar\2013-A.dgn

DAGR.	04.02.13	BREYTING:	DAGR.	
TEKJN.	OT.			
YPERF.	-			
SAMD.	-	SÍÐASTA ÚTPRENTUN:	12.2013	


<b>ÍDRÁTTARRÖR</b>		VERK NÚL	Y900
PEX-, KV- OG RAFM. HEIMTAUGAR		SKRÁ	...Y9000-templett-2013-A.dgn
		KVARTIC	125
		BLAD	-

## 1.B



**LAGNIR SKULU KOMA LÓÐRÉTT UPP ÚR GÓLFI, EÐA LÁRÉTT ÚT ÚR VEGG.**

<b>Ídráttarrör [mm]</b>	50	63	75	110	125
<b>B [mm]</b>	150	150	150	150	200




**MUNIÐ AÐ Hafa SPOTTA Í ÍDRÁTTARRÖRUM NOTIÐ EKKI BARKARÖR SEM ÍDRÁTTARRÖR, NOTIST VIÐ SLÉTT RÖR. GÓLFHITARÖR SKAL EKKI LEGGJA NÆR INNTAKI EN 200 [mm]**

Merkið X	Heitt vatn				Merkið X	Kalt vatn			Merkið X	Rafmagn		
	Heimæð [mm]	Pex [mm]	Ídráttarrör [mm]	Inntaks-vinkill [mm]		Heimæð [mm]	Ídráttarrör [mm]	Inntaks-vinkill [mm]		Heimtaug [A]	Ídráttarrör [mm]	Inntaks-vinkill [mm]
	DN15	22	110	110		25	75	75		50-63	50	50
	DN20	28	110	110		32	75	75		100	75	75
	DN25	32	125	125		40	75	75				
						50	110	110				


LATAHLITAGNIR: Hítaveitilagnir/Umhúð-B-2013.dwg		DAGR:	05.02.13.	REYTING:	DAGR:		<b>ÍDRÁTTARRÖR</b> PEX-, KV- OG RAFM. HEIMTAUGAR	VERK NR.	V100
RANGÁRVÖLLUM 603 AKUREYRI Sími 460 1300 - FAKS 460 1302 NETfang: tekni@no.orka.is		TEKNI:	GT.			SKRÁ		.../.../2013.dwg	
		YFIR:	-			KVARN:		1/25	
		SAGA:	-	ÞEYÐASTA ÖPPIREYNTUN:	5.2.2013	BLAD		-	

# UPPLÝSINGARIT HEIMLAGNA



Ídráttarrör [mm]	B [mm]
50	150
75	150
110	150
125	200

**LAGNIR SKULU KOMA LÓÐRÉTT UPP ÚR GÓLFI, EÐA LÁRÉTT ÚT ÚR VEGG.**



**MUNIÐ AÐ Hafa spotta í ídráttarrörum  
NOTIÐ EKKI BARKARÖR SEM ÍDRÁTTARRÖR, NOTIST VIÐ SLÉTT RÖR.  
GÓLFHITARÖR SKAL EKKI LEGGJA NÆR INNTAKI EN 200 [mm]**

Merkið X	Heitt vatn		Merkið X	Kalt vatn			Merkið X	Rafmagn		
	Heimæð [mm]	Inn-taks-vinkill [mm]		Heimæð [mm]	Ídráttar rör [mm]	Inn-taks-vinkill [mm]		Heimtaug [A]	Ídráttar rör [mm]	Inn-taks-vinkill [mm]
	DN32	DN32		40	75	75		50-63	50	50
	DN40	DN40		50	110	110		100	75	75
	DN50	DN50		63	110	110		200	75	75
	DN65	DN65		75	125	125		260	110	110
	DN80	DN80		90	125	125		315	110	110

<p>RANGÁRVÖLLIEM 603 AKUREYRI SÍMI 460 1300 • FAX 460 1302 NETFANG: info@norðurorka.is</p>	DAGS: 05.02.13 TÍÐI: 07. TYP: . SAM: .	BRÝTING: . SÉÐASTA ÚTBRYTUN: 52.2013	DAGS: . TÍÐI: . TYP: . SAM: .	<b>ÍDRÁTTARRÖR</b> PEX-, KV- OG RAFM. HEIMTAUGAR	VSK.NR. V500 SERA: .../.../... KVADR: 125 BLAD: .
--	---	---	--	---	--